

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um fiskmarkaði og hvalveiðar.

1. *Hvernig metur ráðherra þau viðbrögð sem fram hafa komið eftir ákvörðun um endurupptöku hvalveiða, annars vegar frá fulltrúum fiskseljenda á mörkuðum erlendis og hins vegar af opinberri hálfu?*

Ráðherra hefur lýst yfir áhyggjum sínum af því hvaða áhrif hvalveiðar kunni að hafa og hefur því verið fylgst vel með viðbrögðum við þeim erlendis og hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa tekið allar athugasemdir við hvalveiðar Íslendinga alvarlega og sent þeim sem mótmælt hafa svör og skýringar. Nú er unnið í samstarfi við forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti að því að svara sérstaklega þeim erlendu viðskiptavinum sem lýst hafa áhyggjum af hvalveiðum.

2. *Hvern telur ráðherra ásættanlegan skaða við afurðasölu á erlendum markaði áður en breytt verði ákvörðun um endurupptöku hvalveiða?*

Það er erfitt að meta fyrir fram hugsanlegt viðskiptatjón en reynsla síðustu ára hefur verið sú að þrátt fyrir fjöldasendingar mótmælalabréfa hefur verið aukning í afurðasölu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og sömuleiðis í fjölda ferðamanna til landsins. Sama hefur mátt segja um auknar vinsældir hvalaskoðunar hér við land á sama tíma.

3. *Hyggst ráðherra hafa uppi áróðursviðbúnað til að slá á neikvæð viðbrögð vegna hvalveiðanna á mörkuðum – og ef svo er, hvað telur ráðherra hæfilegt að verja miklu fé til slíks áróðurs?*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vinnur í nánú samstarfi við forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti að viðbrögðum við mótmælum og umkvörtunum. Engin sérstök áróðursherferð er ráðgerð og litlu kostað til, en sendiskrifstofur utanríkisráðuneytisins eru nýttar til verksins.